Nr. 23.
22. nóv.

Lög

um

viðauka við lög 1. febr. 1917, um heimild fyrir landsstjórnina til ýmsra ráðstafana út af Norðurálfuófriðnum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Á eftir 4. tölulið 2. gr. nefndra laga, 1. febrúar 1917, komi nýr töluliður, svo hljóðandi:

5. Enn fremur að ráða að meira eða minna leyti yfir skipum þeim, sem heim eiga í landinu, svo sem að gera ákvarðanir um ferðir þeirra, flutning og farþega með þeim, eða að taka þau að öllu í sína þjónustu um lengri eða skemri tíma

2. gr.

Aftan við 3 gr. nefndra laga, 1. febrúar 1917, bætist ný málsgrein, svo hjóðandi:

Enn fremur er landsstjórninni heimilt að leggja bann, að einhverju leyti eða öllu, við útflutningi eða sölu úr landi á skepnufóðri, aðfluttu eða innlendu, ef ástæða er að til að óttast fóðurskort í landinu. Landsstjórnin ákveður sjálf, hvað telst til skepnufóðurs.

3. gr.

Aftan við 5. gr. sömu laga bætist þessi ákvæði:

Landsstjórnin getur gert fyrirskipanir um þau atriði, er þurfa þykir, viðvíkjandi skipverjum, farþegum og póstflutningi með skipum, og ákveður refsingar fyrir brot gegn þeim fyrirskipunum.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg 22. nóvember 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson.